

Lög

um breytingar á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2005“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 31. desember 2008.
- b. 6. málsl. 1. mgr. orðast svo: Styrkupp hæð vegna slíkra einkaframkvæmda getur aldrei verið hærri en sem nemur virðisaukaskatti vegna framkvæmdanna.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að ráðstafa allt að 10 millj. kr. ár hvert til rannsókna á viðtökum fráveitu með það að markmiði að þær leiði til lækkunar kostnaðar við fráveituf framkvæmdir á síðari stigum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 9. desember 2005.